

Myndlist

Við mælum með

Gerði Leifsdóttir, Hreini Friðfinnssyni, Ingileif Thorlacius, Niels Hafstein og **Haraldi Nielsyni** sem lýkur á sunnudag í Nýlistasafninu.

Lind Völundardóttir í *Gallerí Sævars Karls*. Sýningunni lýkur í dag, fimmtudag.

Jenny Hozer á Mokka kaffi.

Opnanir

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á úrvali verka sinna í Listasafni Íslands á laugardag. Ásgerður sem þýkir einn okkar besta myndvefnaðarmaður hefur þróað með sér sterkt myndmál sem tekur mið af grundvallarlögmálum vefjarins.

Aðrar sýningar

Hringur Jóhannesson í Listasafni ASÍ og í Gallerí Fold.

Steingrímur Eyfjörð og **Torfi Franz** ásamt **Ástu** og **Mögggu** sýna ævintýri *Silfurskottumannsins* á Kaffi list.

Ragnhildur Stefánsdóttir í Listasafni Kópavogs.

Bjarni Hinriksson sýnir myndasögur í Gallerí Greip.

Birgir Snæbjörn Birgisson sýnir í Lifthúsinu Þingi, Akureyri.

Árni Sigurðsson í Listasafni Akureyrar.

Ruth Malinowski með veggteppi í kjallara Norræna hússins. Í anddyrinu er sýning á dönskum teiknimyndapersónum.

Magdalena Margrét Kjartansdóttir í Gallerí Umbru.

Gunnar Örn í Gallerí Borg.

María Guðmundsdóttir sýnir ljósmyndaverk sín á Sólun Islandus aðeins fram á föstudag.

Spessi sýnir ljósmyndir í Borgar-kringlunni.

Alda Ármanna Sveinsdóttir sýnir í Sparisjóði Garðabæjar.

Gísli Sigurðsson sýnir í Hafnarborg.

Sæmundur Valdimarsson í Sverrissal Hafnarborgar.

Kristján Steingrímur Jónsson enn í gallerí Birgis Andréssonar.

Samsýning fjögurra listakvenna í Gallerí Art-hún.

Íslenska einsöngslagið í Gerðubergi.

Gréta Mjöll Bjarnadóttir í Gallerí einn einn.

Magdalena Margrét Kjartansdóttir í Gallerí Umbru.

Námskeið

Torgny Larsson flytur fyrirlestur á fimmtudagskvöld 21.00 í Nýlistasafninu um áhrif myndlistarmanna á manngert umhverfi.

Ulf Liljeblad heldur fyrirlestur um Edward Munch -Kärlekens Målare í dag fimmtudag, kl. 17.15 í Norræna húsinu.

Gerd Bloxham-Zettersten flytur fyrsta fyrirlesturinn í röð fyrirlestra um staðbundin sérkenni í norrænni byggingarlist og hönnun í kvöld kl. 20.00 á Kjarvalsstöðum.

Daufur eiginmaður

Ég held að maðurinn minn sé búinn að missa áhuga á mér. Þegar ég vek hann á morgnana ansar hann mér engu. Hann fer þegjandi fram á klósett, labbar þegjandi að morgunverðarborðinu, les morgunblöðin þegjandi og fer síðan án þess að kveðja í vinnuna. Þegar hann kemur heim gengur hann þegjandi inn í stofu, kveikir á útvarpinu, síðan sjónvarpi og situr þegjandi og horfir á allt sem er á dagskránni. Meira að segja

tékkneskar bíómyndir. Þegar hann sest við kvöldverðarborðið tekur hann DV með sér og tekst einhvern veginn að borða á bak við það. Íðulega sofnar yfir sjónvarpinu og kemur ekki inn í svefnherbergi fyrr en hann heldur að ég sé sofnuð.

Ég hef reynt allt. Ég á glæsilegasta safn kynþokkafullra undirkjóra kvenna á mínum aldri. Ég hef reynt að láta mig hverfa, hætt að sinna honum og vonast

til að það gerði hann óðan. Ég sá engan mun. Ég hef stungið upp á að við færum í leikhúsi, út að borða, í sund, á námskeið og guð má vita hvað ekki. Hann hefur ekki einu sinni fyrir því að segja nei. Hann bara þegir. Um helgar gripur hann hvert tækifæri til að komast af heimilinu. Hann er í Lions og Rotary. Hann er í áttahagafélagi Skagfirðinga þrátt fyrir að hann sé úr Hlíðunum. Hann dvelur langdvölum niður í geymslu og á sumrin slær hann garðinn svo oft að hann verður líkari parketti en teppi. Um daginn tók hann

meira að segja að sér að vakta hverfisverslunina bæði föstudags- og laugardagskvöld með einhverjum sjálfsskipuðum varðliðum í hverfinu. Stundum óska ég þess að hann væri að halda framhjá mér. Það gæti verið auðveldara að hugga sig við að hann tæki einhverja aðra konu fram yfir mig í stað þess að hann missi einfaldlega áhuga á kvenkyninu beint fyrir framan mig. Hvað á ég að gera?

Þrjátíu og fimm ára gömul kona í Grafarvoginum

Gleymdu manninum. Komdu þér burt.


Fjóla

Skrifið frá Fjólu: Utanaskriftin er: Frú Fjóla Vesturgötu 2, 101 Reykjavík

Lesið yfir rithöfundum hjá MM

Málaskóli Marðar

Mál og menning gefur út meirihluta þeirra íslensku skáldsagna sem út koma á ári hverju. Eins og önnur bókaforlög, þá áskilur Mál og menning sér rétt til að yfirfara þau handrit sem gefa skal út. Yfirleitt er þarna ekki um mikið meira en prófarkalestur að ræða, prentvillupúkinn er eltur uppi og settur í hlekki hundraðfalda og einstaka málvillum er stytur aldur í snatri. Þó kemur fyrir að lesari forlagsins sjái ástæðu til raunverulegrar tiltekta á síðum höfundanna og fari fram á hinar ýmsu breytingar á fagurfræðilegum, bókmenntalegum og málfræðilegum grundvelli. Þetta er að sjálfsgöðu ekki gert nema í samráði við höfundana sjálfa og spinnast þá gjarnan miklar umræður um gildi



Möður Árnason Leiðsögumaður málvilltra.

hvers gullmola sem hrotið hefur af tölvu skáldsins en lesarinn vill kalla verðlaust glingur. Það er **Mörður Árnason** sem oftast er í því hlutverki að beina skjólstaðingum M&M inn á hina blómum skryddu braut góðrar íslensku þegar þeir hafa villst út í kargabyrði og forarvilpur slangurs, slettna, of margra núbálegra sagna og margafturbeygðra fornafna og allt of langra setninga eins og þessarar svo dæmi sé tekið. Riddarar bókstafsins telja sig flestir í góðum höndum í „Málaskóla Marðar“ eins og þeir hafa heyrst kalla M&M sín á milli. Miðað við það hlutfall af íslenskum skáldsögum, sem fer um hendur máltilfinningamannsins Marðar, er nokkuð ljóst að fáir skólastjórar aðrir hafa meiri áhrif á íslenskar nútímabókmenntir en einmitt hann. Vafalaust

mun einhver taka sig til, svona þegar líða tekur á næstu öld, og hripa niður eins og eina doktorsritgerð um þennan ágæta skóla. Titill: Hvar er Möður? Rannsókn á áhrifum Marðar Árnasonar á íslenskar aldamótabókmenntir; samanburður á tíðni fimm orða og þriggja sagnmynda í „Málaskólabókunum“ og öðrum aldamótaskáldverkum...

Það skal tekið fram, að Möður las þessa grein ekki yfir fyrir birtingu. Það hefði kannski verið betra...

Ástarleikir Miðað við brennslu líkamans á hitaeningum við þess konar leiki þá tekur það meðalþungan mann um tvo daga og tuttu og einn klukkutíma að brenna upp og meðalþunga konu tvo daga og fimm klukkutíma. Auk þess sem hún væri þá þegar orðin meira en í meðallagi þunguð.

Ísland — sækjum það heim Við fyrstu sýn er Bíldudalur svona lala. Þegar maður kemur þangað í annað sinn þekkir maður sjoppuna eins og lófann á sér. Í þriðja sinn kemst maður að því að maður þekkir alla með nafni. Í fjórða sinn þráir maður ekkert heitar en að flytja suður.

Súkkulaðisósa Hún er góð — sérstaklega heit. En bara með ís. Hvorki með nautasteik, spaghetti carbonara né reyktum rauðmaga.

Fyrsti snjóirinn Eftir nokkra daga breytist hann í háku, sem maður rennur á, krap, sem maður verður votur í og loks í skít í teppinu á ganginum.

Uppvask Því meira, sem maður vaskar upp, þess fleira er líklegt að skitni út aftur.



Það sem er vont og linnir aldrei

Trúboð Það virðist ekki vera svo ómerkileg skoðun til í veröldinni að einhver leggist ekki í trúboð með hana. Og menn eru alltaf tilbúnir að deyja fyrir þær vitlausustu.

Vekjaraklukkur Þótt þér takist að þagga niður í þeim einn morguninn þá láta þær örugglega í sér heyra þann næsta.

Grátandi börn Um leið og eitt barn hefur lært að maður nær andskotans engum árangri með því að vera sívælendi þá fæðist nýtt með þá vissu að ekkert gangi upp nema maður grenji sem hæst.

Vondar bíómyndir Þær eru einhvern veginn lengur að klárast en góðar myndir.



PÓSTURINN/JIM SMART

Kexruglaður í eiturgufum

Stefán Óli Sæbjörnsson, málari, um myndina af sjálfum sér: „Það er nokkuð augljóst að þessi málari og virðist mála sjálfan sig jafnt og umhverfið. Hann virðist vera nokkuð hamingjusamur með það hlutskipti sitt. Það er alla vega eins og hann hugsi sér gott til glóðarinnar. En það er erfitt að segja til um hvað það er sem bíður hans. Ég hugsa að hann sé giftur og sé jafnvel á leið í steik til konunnar. Þetta höfuðfat gefur til kynna að hann sé eitthvað fyrir sportið. Þó fer hann sínar eigin leiðir því mér sýnist standa „Raiders“ á húfunni en það er félag í NFL, ameríska fótboltanum. Hann sem sagt er ekki í þessari körfuboltamaníu sem tröllríður þjóðinni. Það gæti gefið til kynna að hann sé einmana því það er ekki fjölmennur hópur um það áhugamál hér á landi en samt er ekkert í fási hans sem gefur til kynna að hann sé einn á báti. Þetta bros er reyndar tvírætt, hugsanlega er hann bara kexruglaður og þá af öllum þessum eiturgufum sem fylgja starfinu. Og þá skiptir kannski ekki öllu máli hvort hann er einn um þetta NFL-áhugamál eða ekki. Hann er alveg „ligleglað“ í sínum heimi og þetta með að vera með nefið í erminni gæti þýtt það að hann sé að nusa af terpentínulykt. Hvað sem því líður þá er þessi náungi mjög yfirvegaður og lætur ekki mikið stressa sig. Mér sýnist hann í það minnsta brosa framan í heiminn. ■

Smásaga í snobbleleikhúsi

Nýstofnað leikhúsi, Snobbleleikhúsið, frumsýnir á veitingastaðnum Ara í Ögri smásögu eftir **Tsjekhov** sem heitir Fiðla Rotschilds á laugardag. Leikstjórinn heitir **Magnús Guðmundsson** og er þetta hans fyrsta uppfærsla. Hann hefur þó unnið mikið í leikhúsi, til dæmis við tækni í Þjóðleikhúsinu, er að skrifa BA-ritgerð um Beckett í Háskólanum og hyggur á mastersnám í leikstjórn og leikhúsfræðum í Bretlandi. Magnús lítur á þetta verkefni sem eins konar prófstein á það hvort þetta eigi ekki örugglega við sig.

Ög hvað sýnist honum í þeim efnum?

„Þó svo að maður hafi fylgst með

leikstjórum og leikurum í gegnum tíðina er margt sem kemur á óvart eins og að finna hvernig leikarinn lætur að stjórn og breytir sínum leik eftir mínum hugmyndum þó svo að þetta sé fyrst og fremst samvinna, auðvitað.“

En hvaða hugmynd liggur að baki því að leika smásögu?

„Smásagan var þýdd fyrir nokkrum árum af **ÞORSTEINI Ó. STEPHENSEN** (sem er reyndar afi Magnúsar og Þorsteins bróður hans, sem leikur eina hlutverkð í sýningunni) og það má segja að hann hafi látið bróður mínum þetta í arf þegar hann skildi við. Sagan hefur mjög dramatískan keim og stendur sem slík í flutningi.“



Magnús Guðmundsson leikstjóri sinni fyrstu sýningu.

Snobbleleikhúsið? Hvaða snobbnafigist er það eiginlega?

„Það er ekkert snobb heldur heitir leikhúsið eftir ketti sem **Magnús Blöndal Jóhannsson** tónskáld átti, en hann semur tónlist við sýninguna. Sá hét Snobbi og var gæddur þeirri merkisgáfu að geta talað við eiganda sinn í síma auk ýmissa dramatískra eiginleika annarra.“ ■

